



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2021

2103017SA TP  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Breyting á lögum um málefni innflytjenda - 452. mál 151. lþ.**

Vísað er til tölvupósts, dags. 24. febrúar sl., þar sem ofangreint frumvarp er sent til umsagnar hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Það kemur á óvart að frumvarpið skuli lagt fram að nýju án þess að tillit hafi verið tekið til ítarlegrar umfjöllunar velferðarnefndar um frumvarpið á fyrra löggjafarþingi. Meirihluti nefndarinnar (allir nefndarmenn utan einn) skilaði frá sér vel unnu nefndarálit með breytingartillögu (þingskjal 1684 á 457. máli 150. lþ.). Auk þess komu fram rökstuddar tillögur og ábendingar í umsögnum til nefndarinnar.

Sambandið hvetur nefndina til þess að framfylgja fyrri breytingartillögu að nýju. Að auki tekur sambandið undir athugasemdir Persónuverndar í umsögn dags. 3. mars sl. Efnislega segir þar að hnykkja þurfi enn betur á hlutverki Fjölmeningarseturs og að tilgangur að baki vinnslu persónuupplýsinga verði nánar tilgreindur í lagatextanum með vísan til verkefna stofnunarinnar.

Flestar ábendingar sambandsins í fyrri umsögn dags. 17. febrúar 2020 lutu að þessu lögbundna framtíðarhlutverki Fjölmeningarseturs. Meginatriðið er að skýrt þurfti að vera að stofnunin muni framvegis sinna meðferð einstaklingsbundinna stjórnsýslumála. Sambandið áréttar fyrri breytingartillögur um þetta efni (sbr. meðf.) og óskar eftir að þær fái endurnýjaða rýni af hálfu velferðarnefndar samhliða athugasemdum Persónuverndar.

Jafnframt tekur sambandið fram að í greinargerð með frumvarpinu hefur verið komið til móts við athugasemd sambandsins á fyrri stigum um vanmat á viðbótarútgjöldum hjá Fjölmeningarsetri. Það er jákvætt en ekki er síður mikilvægt að gert sé ráð fyrir auknum útgjöldum Vinnumálastofnunar vegna framkvæmdar á samræmdri móttöku flóttafólks.


Þá er ástæða til að vekja sérstaka athygli velferðarnefndar á því að verkefni sem tengjast samræmdri móttöku flóttafólks eru verulega vanfjármögnuð miðað við þær væntingar sem uppi voru þegar hafst var handa við innleiðinguna. Fjármagn hefur verið skorið við nögl í samningum félagsmálaráðuneytisins við móttökusveitarfélög og ekki virðist í ráði að bæta sveitarfélögum upp þau viðbótarútgjöld sem hljóttast af auknu álagi á skólakerfið og innan barnaverndar. Þá virðist ekki vera reiknað með því að heilbrigðiskerfið eigi aðkomu að samræmdri móttöku.

Um þessar mundir er Ísland að taka hlutfallslega á móti flestu flóttafólki í samanburði við Norðurlöndin. Samfélagið og innviðir þess þurfa að vera í stakk búnir að veita þann stuðning og þjónustu sem hinn fjölbreytti hópur flóttafólks á tilkall til.

Þá hefur þessi aukni straumur í för með sér verulega hærra útgjöld sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar. Samkvæmt gildandi lögum endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum þessi útgjöld fyrstu tvö árin eftir að flóttafólk flyst hingað til lands. Sjá má í upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu að þessar endurgreiðslur ríflega tvöfölduðust á milli ára 2019 og 2020. Ætla má að ráðuneytið sé að nýta hluta af því fjármagni sem ætlað var til samræmdrar móttöku til þess að standa straum af endurgreiðslum fjárhagsaðstoðar. Er það mjög neikvætt og veldur því að hægar og verr mun ganga að innleiða samræmda móttöku flóttafólks en vonir stóðu til.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Fylgiskal: Breytingartillögur

**Breytingartillögur Sambands íslenskra sveitarfélaga**  
við frumvarp um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012  
(móttaka flóttafólks og innflytjendaráð)

1. Lagt er til að 2. gr. laganna innhaldi eftirfarandi skilgreiningar sem gildi við framkvæmd stjórnslu skv. lögnum:

*Flóttafólk:* Einstaklingar sem á grundvelli laga um útlendinga hafa (1) fengið stöðu flóttamanns skv. 1. eða 2. mgr. 37. gr. laganna (2) fengið dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann skv. 37. gr. laganna eða (3) fengið dvalarleyfi á grundvelli ríkra mannúðarsjónarmiða skv. 1. mgr. 74. gr. laganna.

*Móttökusveitarfélag:* Sveitarfélag sem gert hefur samning við félagsmálaráðuneytið um móttöku flóttafólks.

*Boð um búsetu:* Niðurstaða Fjölmeningarseturs um móttökusveitarfélag, sem kynnt er einstaklingi eða fjölskyldu í hópi flóttafólks. Niðurstaðan er byggð á mati á stöðu og þörfum viðkomandi og atvinnu- og búsetumöguleikum í hlutaðeigandi móttökusveitarfélagi.

Efni núverandi 2. gr. færist til og verði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna.

2. Sambandið leggur til að ný 3. gr. a hljóði svo:

*Samræmd móttaka flóttafólks.*

Fjölmeningarsetur skal veita móttökusveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna samræmdrar móttöku flóttafólks og viðhafa samráð við þau um meðferð einstaklingsmála. Fjölmeningarsetur býður flóttafólki að setjast að í tilteknu móttökusveitarfélagi á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Fjölmeningarsetur veitir flóttafólki sem ákveður að þiggja ekki boð um búsetu í móttökusveitarfélagi upplýsingar um almenna þjónustu sveitarfélaga.

Fjölmeningarsetur skal starfa í samræmi við stjórnslulög þegar unnið er að meðferð einstaklingsmála innan samræmdrar móttöku flóttafólks.

Fjölmeningarsetur skal halda utan um og standa fyrir samráði milli þeirra aðila sem koma að móttöku flóttafólks á Íslandi, m.a. á vettvangi samráðsnefndar sbr. 3. gr. c.